

## António Guterres, kóvid og kvenfrelsun

Fyrir skemmstu lét kvenfrelsunarþáfinn og aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sem er róttækur jafnaðarmaður og fyrrum forsætisráðherra Portúgals, tæknifræðingurinn, António Manuel de Oliveira Guterres (f. 1949), hafa eftir sér þann síendurtekna boðskap Kvenfrelsunaráróðursdeildar samtakanna (Un Women), að hinu svokallaða föðurveldi sé um að kenna, að Covid19 valdi svo miklum usla í veröldinni. Hann fer með sömu þulu og fyrrnefnd áróðursdeild og kvenfrelsarar víða um hinn vestræna heim. Hann hljómar eins og forstjóri kvennaathvarfs. „[K]onur eru í raun læstar inni með ofbeldismönnunum á meðan þjónusta er veitt á öðrum vettvangi og bjargráðum beint annað,“ segir hann meðal annars. Og hann heldur áfram: „Í stuttu máli sagt kastar veiran ljósi á og eykur umtalsvert andstreymi kvenna, þegar litið er til réttinda og getu.“ Gullkornið er þó þetta: „Covid19 drepsóttin lýsir því, sem er alkunna: Árfúsunda föðurveldi hefur falið í sér drottun karlamenningar, sem er öllum skaðvænleg – konum, körlum, stúlkum og drengjum.“ Það er líklega þess vegna, að samtökin beina sjónum sérstaklega að konum með einhverjum hætti nú daga á hverju ári. (En aldrei að körlum vitaskuld.)

António flytur einnig þann kunnulega boðskap, að veiran sé að öllu öðru leyti skeinuhættari konum, þar sem þær starfi í framvarðarsveit heilbrigðisþjónustunnar og axli meira álag á heimavígstöðvum - til viðbótar barsmíðum og nauðgunum. Hann víkur ekki einu orði að þeirra staðreynd, að veiran drepi karla í meira mæli, heldur en konur, allt frá 57% og upp í 70% af hundraði fleiri. Ei heldur hvetur hann SP til að skoða nánar heilsufar karla. Honum er fremur umhugað að aðstoða konur betur efnahagslega og kynferðislega.

António tekur heldur dýpra í árinna, en þeir, sem hafa hampað kvenleiðtogum vegna lægri dánartíðni í samfélögum, sem státa sig af þeim – eins og Katrínu Jakobsdóttur. (Belgía er að vísu aldrei talin með. Þar hefur Sophie Wilmés verið forsætisráðherra fram að þessu og þar er dánartíðni með því allra hæsta sem gerist.) António fullyrðir, að konur séu betri leiðtogar vegna kveneldisins.

Það er vandséð, hvernig óhróður um karla úr munnri aðalframkvæmdastjóra SP gæti stuðlað að því að uppræta veiruna og baráttu gegn afleiðingum viðbragða við henni. Honum verður heldur ekki tíðrætt um þá staðreynd, að miklu fleiri karlmenn látast af slysförum og sjúkdómum yfirleitt. Þeir bíða miklu meira fjörtjón af öðrum sjúkdómum, en kóvid19. Þar að auki falla umtalsvert fleiri karlar fyrir eigin hendi, heldur en konur. Þeir lifa skemur.

Í gagnagrunni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (World Health Organization – WHO) er unnt að finna mýgrút rannsókna á heilsu kvenna, en rannsóknir á heilsu karla eru sem hvítir hrafnar að telja. (Í BNA er munurinn tífaldur.)

Óhróðurinn er miklu fremur til þess fallinn að magna fæð í garð karla og ýta undir skeytingarleysi um heilsu þeirra. Það kynni reyndar að vera tilgangurinn.

<https://thepostmillennial.com/un-covid-19-pandemic-the-patriarchy>